

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Eldur af
himnum
sendur



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlagað af: E. Frischbutter

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2008 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Útlitið var orðið slæmt í Ísrael. Konungur og drottning voru hatursfull gagnvart Guði. Þvílík fyrirmynd! Fyrr en varði, var fólkið líka upp á móti Guði, og fór að tilbiðja falska guði. Var þar nokkur sem elskaði Guð?



Jú, það voru fáeinir trúfastir tilbiðjendur. Dag nokkurn talaði Guð til eins þeirra, Elía að nafni.



Elía sagði við Akab, kónginn
vonda: "Svo sannarlega
sem Drottinn, Guð
Ísraels, lifir, skal
hvorki drjúpa dökk
né regn þessi árin,
nema ég segi svo
til um." Þetta
táknaði hallæri!
Guð mundi ekki leyfa
fólki sínu, Ísraelum,
að halda áfram
þeirra syndsamlega
lífarni.





Eftir að
Elía hafði
varað
konung við,
sendi Guð

hann á afskektan stað úti sveit, þar sem hann áði við
læk nokkurn. Þá komu hrafnar, af Guði sendir, og
færðu honum mat. Þeir færðu honum brauð og kjöt
kvölds og morgna. Svo drakk hann úr læknum.





Svo kom
að því,
vegna

Rigningarleysis, að lækurinn þornaði upp. Orð Guðs
var nú að sannast. Öll jarðrækt og gróður rénaði
og olli matarskort og hungri. Vatnsskorturinn
hlítur að hafa ollið Elía miklum áhyggjum.



Guð sagði við Elía: "Rístu upp, farðu til Zarefta og dveldu þar um tíma. Sjá, ég hefi gefið ekkju nokkurri fyrirmæli um að sjá um þig." Guð vissi þarfir þjóns síns, en einkennilega fór hann að því. Elía þóknaðist



Guði sínum. Þegar hann kom til Zarefta, var ekkjan við borgarhliðið að safna saman eldiviði.



Elía kallaði til
ekkjunnar:

“Vinsamlegast færðu
mér svolítið vatn í
krukku, og smá bita
af brauði,”.




“Ég hef ekkert
brauð,” svaraði
ekkjan. “Ég á
aðeins hnefa
af hveiti, og
svolitla
matarolíu í
krús.”



Þá sagði konan við
Elía, að þegar þetta
væri búíð, mundi hún
og sonur hennar
búast við að deyja
af hungri.



“Óttastu ekki!”, sagði Elía. “Bakaðu fyrst handa mér smá brauðköku og færðu mér, og bakaðu síðan handa þér og syni þínum. Hveitið mun ekki klárast, né olían þverra, til þess dags er Drottinn sendir regn á jörðina á ný.” Guð stóð við orð sín og framkvæmdi kraftaverk. Konan og sonur hennar höfðu nóg að borða í marga daga, og hvorki hveitið né matarolían þverraði.



Elía bjó hjá þeim um tíma. Dag nokkurn skeði sorglegur atburður. Sonur ekkjunnar dó. Elía bar lík drengsins til herbergis upp á loftinu. Hann

hrópaði til Guðs og sagði: "Ó Drottinn Guð minn, ég bið þig, láttu sál þessa drengs koma til baka, og lífgaðu hann við." Þvílík, óhugsandi bæn!



Drottinn heyrði bæn Elía og sál drengsins kom aftur í hann, og lifnaði hann við á ný. Þegar Elía síðan tók drenginn niður í stofu til móður hans, sagði hún, "Nú veit ég að orð Drottins, sem þú hefur mælt, er sannleikur."




Þremur árum síðar sendi Guð Elía aftur til konungs til að segja honum: "Ég ætla að láta rigna á jörðina."




Fara og tala við Akab? Kona hans Jesebel hafði myrt hundrað af spámönnum Guðs. En Elía gerði eins og honum var sagt. Hann fór á fund Akabs konungs.



Þegar þeir svo
mættust, sagði Elía
við Akab: Send þú nú
og stefndu öllu Ísrael
á minn fund við
Karmelfjall, svo og
hinum 850 fölsku
spámönnum. Þar við
Karmelfjall talaði Elía
til fólksins. "Sé
Drottinn hinn
sanni Guð, þá
fylgið
honum."




Elía lét fella tvö naut til fórnunar. Hann skipaði svo fyrir að eldur skyldi ekki borinn að. "Þið kallið á nafn guða ykkar, og ég kalla á nafn Drottins. Sá Guð sem svarar með eldi, er hinn sanni Guð." Þá svaraði allt fólkið: "Þetta er vel mælt".



Frá morgni til kvölds, ákölluðu fölsku spámennirnir guði sína. Þeir dönsuðu og skáru sig með hnífum þar til þeim blæddi. En ekki birtist eldurinn.





Elía lét rennbleyta
viðinn og fórnina, svo
vatnið rann allt í
kringum altarið, og
bað til Guðs. "Ó heyr
bæn mína Drottinn,
svo þetta fólk megi
læra og vita, að þú
ert hinn eini og sanni
Guð..." Þá birtist
eldur Drottins, og
eyddi fórninni,
viðnum, altarinu,
steinunum og
grassverðinum!



Þegar fólk sá hvað skeð hafði, féll það fram á ásjónur sínar og sagði: "Drottinn er hinn sanni Guð!" Og þá sagði Elía: "Takið höndum spámenn Baals. Látið engann þeirra sleppa!" Elía gerði það sem Akab konungur hefði átt

að gera löngu áður. Hann banaði fölsku spámönnum.




Elía sagði þá Akab að nú
færi senn að rigna. Þá
birtist smá ský á himni.
Það skyldi þó ekki ætla að
fara að rigna, eftir þennan
hræðilega þurrk, í meira en
þrjú ár?






Stuttu síðar fylltist himinninn af dökkum skýjum og vindi, og kom þá hellirigning. Rigningin var send af Guði. Guð sýndi fólkinu að Elía hafði sagt þeim sannleikann. Og Guð sýndi, að hann einn, er hinn sanni Guð.





Heldur þú að Akab hafi heiðrað Guð og þjón hans Elía? Nei! Staðreyndin er, að Jesebel reyndi að myrða Elía en hann slapp. Í lokin, féll Akab í orustu, og hirðfólk hans hrynti Jesebel niður af háum múr. Fallið varð henni að bana.





Hvað varð um Elía? Dag
nokkurn sendi Guð eldlegann
vagn dreginn af eldlegum
hestum og Elía fór til himins í
stormviðri.



Eldur af himnum sendur

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrri Konungabók 17-19.
Síðarri Konungabók 2

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

